**424. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1, Tálknafirði,mánudaginn 17. janúar 2011 og hófst hann kl. 17:00**

**Fundinn sátu:**
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir (EIS), Birna Benediktsdóttir (BB), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Ásgeir Jónsson (ÁJ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Guðni Ólafsson (GÓ), Ása Jónsdóttir (ÁJ), Marion Gisela Worthman (MGW),

**Fundargerð ritaði:** Ása Jónsdóttir , ritari

Oddviti kannaði hvort athugasemdir væru við boðaða dagskrá. Svo var ekki. Oddviti óskaði eftir afbrigði, að tekin verði á dagskrá sem liður nr.3, fundargerð 58.fundar skólanefndar. Aðrir liðir færast aftar á dagskrá sem þessum nýja lið nemur. Þá óskaði oddviti eftir að lögð væri fram til kynningar undir dagskrárlið nr.5 fundargerð 81.fundar stjórnar MEÓ. Samþykkt samhljóða. Gengið til dagskrár.

**Dagskrá:**

1. **1101004F - Félagsmálaráð - 44**
Fundargerð staðfest samhljóða.

2. **1101005F - Félagsmálaráð - 45**
Fundargerðin staðfest samhljóða.

3. **1101008F - Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps - 58**
Hreppsnefnd fagnar framkominni skólastefnu Tálknafjarðarskóla. Fundargerðin staðfest samhljóða.

4. **1012072 - Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða fundargerð 80.fundar 10.des.2010**
Lagt fram til kynningar.

5. **1101023 - Minjasafn Egils Ólafssonar 80.stjórnarfundur 27.desember 2010**
Jafnframt liggur fyrir fundinum fundargerð 81.fundar stjórnar sem haldinn var 14.janúar s.l. Lagt fram til kynningar.

6. **1012079 - Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2011/2012**
Af fundi viku Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir og Bjarnveig Guðbrandsdóttir, til fundar komu í þeirra stað Guðni Ólafsson og Marion Worthman. Sunnudaginn 16. janúar héldu BB, BSH, ÁJ, MW og GÓ undirbúningsfund og fóru ítarlega yfir málin. Lagt er til að ekki verði settar sérreglur um úthlutun byggðakvóta í Tálknafjarðarhreppi, heldur verði farið eftir reglugerð Sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneytisins um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2010/2011. Samþykkt samhljóða.

7. **1012075 - Umhverfisstofnun kynning á tillögu að starfsleyfi fyrir Þórodd ehf**
Eyrún og Bjarnveig komu aftur til fundar en Guðni og Marion viku. Tillaga

Umhverfisstofnunar liggur frammi ásamt umsóknargögnum á skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 63, Patreksfirði til 8.febrúar n.k. Þá má einnig nálgast tillöguna á vefsíðu stofnunarinnar, ásamt fylgigögnum. Umhverfisstofnun áformar að kynna tillöguna enn frekar á almennum kynningarfundi sem auglýstur verður síðar.
Ákveðið að senda ekki inn umsögn. Samþykkt samhljóða.

8. **1012045 - Fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans fyrir árin 2012 - 2014**
Síðari umræða. Engar tillögur um breytingar bárust á milli funda og er því fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans fyrir árin 2012- 2014 borin upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

9. **1012040 - Fjórðungssamband Vestfirðinga byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks.**
Undirritaður samningur lagður fram. Samþykkt samhljóða.

10. **1012002 - Samningur Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps um samrekstur félagsþjónustu.**
Undirritaður samningur lagður fram. Samþykkt samhljóða.

11. **1009024 - Samningur um leigu á landi og um einkarétt til borana eftir heitu vatni.**
Undirritaður samningur lagður fram. Samþykkt samhljóða

12. **1101027 - Drög að frumvarpi til sveitarstjórnarlaga.**
Hreppsnefndarmenn hvattir til að kynna sér efnið vel.

13. **1101010 - Prókúra til handa starfsmanni á skrifstofu**
Guðnýju Sigurðardóttur starfsmanni á skrifstofu veitt fullt og ótakmarkað umboð til aðgangs í gegnum fyrirtækjabanka að tveim bankareikningum Tálknafjarðarhrepps hjá Sp.Kef.Sparisjóður (1118). Samþykkt samhljóða.

14. **0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra**
Oddviti fór yfir stöðuna og upplýsti að hafnarframkvæmdir munu verða á dagskrá nú í sumar.Undirbúingur að endurskoðun ársins 2010 er hafinn og stefnt er að heimsókn starfsmanna KPMG í febrúar

15. **1012065 - Varasjóður húsnæðismála**
Lagt fram til kynningar.

16. **1012068 - Þjóðskjalasafn Íslands, nýtt leiðbeiningarrit um skjalavörslu sveitarfélaga**
Lagt fram til kynningar.

17. **1012069 - Búnaðarsamtök Vesturlands sveitarfélög í samstarfsverkefni um þjóðlendumál**
Lagt fram til kynningar.

18. **1012071 - Vinnueftirlit ríkisins vinnuvernd í bæjar- og sveitarfélögum**

Lagt fram til kynningar.

19. **1012073 - Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið áætlað framlag vegna sérþarfa fatlaðra nemenda í grunnskólum**
Lagt fram til kynningar.

20. **1012074 - Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið framlag vegna nýbúafræðslu árið 2011**
Lagt fram til kynningar.

21. **1012078 - Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða listi yfir fyrirtæki sem hafa fengið eftirlit 2010**
Lagt fram til kynningar.

22. **1101012 - Innanríkisráðuneyti tekur til starfa.**
Lagt fram til kynningar.

23. **1101013 - Til allra sveitarstjórna á Íslandi.**
Lagt fram til kynningar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:10**